


Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. september 2012
Tilvísun: UST20120900006/bs

Ólafsvík - Grundarfjörður, lagning jarðstrengs og ljósleiðara. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. ágúst sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu tveggja jarðstrengja annars vegar 66 kV og hins vegar 19 kV og ljósleiðara milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar. Jarðstrengirnir og ljósleiðarinn verða lagðir í sama skurð. Skurðurinn verður verður um 1 m á dýpt og lengd strengleiðar verður um 25 km. Skurðurinn verður að mestu lagður samsíða núverandi vegum og slóðum. Um óverulega slóðagerð verður að ræða vegna nálægðar strengleiðar við vegi og slóðir. Rádgert er að efnistaka vegna framkvæmdarinnar verði úr nánum sem þegar eru opnar í nágrenni framkvæmdasvæðis.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skoðað strengleiðina með tilliti til gróðurfars og er niðurstaða þeirrar könnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á plöntu- né fléttutegundir á válista.

Strengleiðin liggur að hluta um svæði nr. 223 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera eftirfarandi: "Fjölbreytt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útvistarsvæði." Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins.

Niðurstaða. Umræddir jarðstrengir verða að mestu lagðir í og við núverandi vegsvæði. Þar sem vikið er frá vegi liggur strengurinn í graslendi eða í jaðri votlendis nærri fláafæti. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin verða tímabundin röskun á gróðri. Með vönduðum frágangi ættu sýnileg áhrif framkvæmdarinnar að hverfa á fáum árum. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson